

From: Salome Hallfreðsdóttir [<mailto:salome@landvernd.is>]
Sent: föstudagur, 23. febrúar 2018 17:09
To: Salome Hallfreðsdóttir <salome@landvernd.is>
Subject: Virkjun vindorku á Íslandi, stefnumótunar- og leiðbeiningarrit

Póstur sendur á öll sveitarfélög á Íslandi, auk skipulagsfulltrúa.

Ágæti viðtakandi,

Í dag afhenti Landvernd Halldóri Halldórssyni, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, nýtt stefnumótunar- og leiðbeiningarrit sem ber nafnið *Virkjun vindorku á Íslandi*. Einnig sendi Landvernd öllum sveitarfélögum landsins ritið með tölvupósti.

Virkjun vindorku á Íslandi er nýtt stefnumótunar- og leiðbeiningarrit sem Landvernd gaf út í dag, föstudaginn 23. febrúar 2018. Meginmarkmið ritsins er að fjalla um málefni vindorkuvirkjana á Íslandi út frá náttúruverndarsjónarmiðum með almannahagsmuni að leiðarljósi. Samtökin vonast til að stefnan marki upphafið að almennri umræðu um málefni vindorkuvirkjana hér á landi.

Það er von Landverndar að stjórnvöld geti nýtt sér leiðbeiningarnar sem samtökin setja fram í stefnumörkun sinni í orku- og umhverfismálum og að sveitarstjórnir geti nýtt þær við skipulagsgerð. Jafnframt beinir Landvernd því til hugsanlegra virkjunaraðila vindorku að skoða einungis kosti utan þeirra svæða sem samtökin leggja til að verði án vindorkuvirkjana. Áhersla er lögð á að almenningur hafi aðkomu að ákvörðunarferlinu um vindorkuvirkjanir.

Ritið má finna í viðhengi, sem og á heimasíðu Landverndar. Rafritið má nálgast [hér](#) og frétt um afhendinguna má nálgast [hér](#).

Með vinsemd og virðingu.
F.h. Landverndar,
Salome Hallfreðsdóttir
Framkvæmdastjóri

--

Landvernd, Icelandic Environment Association
Þórunnartúni 6 | 105 Reykjavík | Iceland | s: 552 5242

www.landvernd.is | halendid.is | Iceland National Park